

**Framhald stuðningsaðgerða vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.**

Í frumvarpinu er leitast við að lengja tímabil fjárhagsstuðnings við hin ýmsu fyrirtæki í Grindavík, þó má sjá að mesta áherslan sé að veita stóru fyrirtækjunum, þá einkum fiskvinnslum í bænum aðstoð. Lítil eða mjög takmörkuð hjálp berst litlu fyrirtækjunum sem ekki geta haldið rekstri áfram í Grindavík. Helsta ástæða þess er að enginn er í bænum til þess að nýta þjónustu þessara litlu fyrirtækja. Íbúalaus bær nýtir ekki þá þjónustu. Við hjónin rekum lítið fyrirtæki, Reynistaður ehf og höfum átt eign með tveimur fasteignanúmerum síðan árið 2014. Síðan þá höfum við hjónin eytt miklum tíma og miklum fjármunum í að gera eignina upp.

Þann 10. nóvember 2023 voru leigjendur í íbúðunum sem störfuðu allir í Grindavík en þurftu að flytja í annan húsakost eftir viðburðinn.

Frá rýmingunni í nóvember 2023 hefur því enginn leigjandi verið í íbúðunum enda ekki ætlast til þess að fólk dvelji í bænum. Það hefur þýtt að engin innkoma hefur verið af eigninni síðan við rýmingu, eingöngu útgjöld.

Nú hefur verið gefið út að ekki verður skólastarf eða önnur starfsemi sett í gang amk næstu 2 árið og ekki hefur verið horft lengra framávið heldur en það. Þegar litið er til 1. gr 1.mgr laga 16/2024: þá er markmið þessara laga að verja fjárhag og velferð íbúa Grindavíkur þá húsnæði eigenda og lögaðila í Grindavíkurbæ. Í ljósi óvissuástands vegna jarðhræringa þá á að veita íbúum og lögaðilum í bæjarfélaginu kost á að losna undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi íbúðarhúsnæðis í bænum. Ekki hafa allir fengið að njóta jafnréttis í þessu máli og segir jafnræðisregla stjórnarsýsluréttar sem er lögfest er með 11. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993: „Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða.

Við hjónin með okkar litla fyrirtæki höfum ekki verið að greiða út laun né hagnað úr fyrirtækinu heldur lagt áherslu að setja fjármagn í þær miklu endubætur sem gerðar hafa verið á eigninni og höfum þar af leiðindi enga aðstoð fengið til að létta undir rekstrinum.

Tillaga okkar er að lögum nr:16/2024 „Lög um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík“ verði breytt á þann veg að fasteignafélaginu Þórkötlum verði gert skylt að veita öllum eigendum íbúareigna rhúsa í Grindavík kost á uppkaupum á íbúðarhúsnæðum hvort sem eigendur íbúðana séu einstaklingar eða fyrirtæki og þá með sömu formerkjum og gert hefur verið í uppkaupum annarra íbúðaeigna í Grindavík s.s að hafa forkaupsrétt/forleigurétt af eignunum til X ára. .

Nú er að verða komið 7 mánuðir frá því að Grindavíkurbær var rýmdur og reksturinn verður bara þyngri og þyngri með hverjum mánuðinum sem líður. Við ekki nýtt okkur stuðningsaðgerðir vegna hamfara í Grindavíkurbæ þar sem eins og áður sagði greiðum ekki laun eða arð út úr fyrirtækinu.

Með uppkaupum á fasteign okkar getum við losað eigið fé okkar úr fasteigninni og getum haldið rekstri áfram annars staðar. Án uppkaupa sitjum við föst með eign sem við getum ekki notað. Við teljum því uppkaup á fasteigninni vera það úrræði sem best muni gagnast fyrirtæki okkar í þessari stöðu.

*Fyrir hönd Reynistaðar ehf*

*Freyr Gunnarsson og Sigríður Rós Jónatansdóttir*